

þá og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Synji kærður, Magnús Guðmundsson, fyrir það með eiði, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft toldlegt samræði við kæranda, Ingveldi Einarsdóttur, á tímabilinu 17. janúar 1933 til 2. apríl 1933, þá skal hann sýkn vera af kröfum kæranda í máli þessu, og málskostnaður falli niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 8. nóvember f. á. Þá greiði hann og meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, svo og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 135/1937. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Hirti Guðbrandssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfengis og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Maður sá, sem kærði kveður hafa veitt sér áfengi á Hótel Ísland aðfaranótt 29. júlí f. á., hefir ekki verið krafinn vitnisburðar í málinu um það, hvers konar eða hversu mikils áfengis kærði hafi neytt hjá honum. Eftir frásögn kærða var áfengisneyzla hans mjög lítil, en hann hefir þó viðurkennt að hafa fund-

ið á sér áfengisáhrif. Hinsvegar er það ekki sannað, að áhrifanna hafi gætt svo mjög, að kærði verði talinn hafa verið ölvaður í umrætt skipti. Upplýsingar þær, sem fyrir liggja um akstur kærða eftir þetta þá um nóttina, eru ófullkomnar, en með tilliti til framburðar vitnisins Vigfúsar Guðmundssonar, er kveðst hafa ekið bifreið kærða frá Austurstræti vestanverðu og suður að Kennaraskóla, þá verður ekki talið upplýst, að kærði hafi ekið bifreiðinni annað en frá Kennaraskólanum og að gatnamótum Laufásvegar og Reykjanessbrautar.

Kærði hefir með því að aka bifreiðinni í þetta skipti undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna nr. 33/1935 og 3. mgr. 5. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931. Svo hefir hann og brotið ákvæði 15. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt og vararefsingu, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Með tilliti til þess annarsvegar, að hér er um ítrekað brot að ræða, og þess hinsvegar, að brotið er smáfellt og að ekkert tjón hefir af því hlotizt, að brot það, sem kærði var dæmdur fyrir 13. september 1930, var einnig smávægilegt, og að langur tími er síðan liðinn, og að löggæzlumaður ríkisins með bifreiðum á vegum úti hefir vottað það í málinu, að hann telji kærða mjög gætinn bifreiðastjóra, og að ekkert slys muni hafa hlotizt af akstri hans í þau 17 eða 18 ár, sem hann hafi gegnt því starfi, þá þykir rétt að svipta kærða rétti til að aka bifreið aðeins í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal óraskað. Kærða ber að greiða

allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Prófum málsins er í ýmsu áfátt, og skal sérstaklega tekið fram, að maður sá, sem kærði kveður hafa veitt sér áfengi, hefir ekki verið yfirheyrður, og að stúlka sú, sem var í bifreiðinni hjá kærða, þegar lögregluþjónarnir tóku hann, hefir ekki verið um það spurð, hvort henni hefi verið kunnugt um akstur kærða þá á undan.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjörtur Guðbrandsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal kærði og sviptur rétti til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. okt. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hirti Guðbrandssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Ásvalla-götu 63 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33

1935, lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1884, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

1920 $1\frac{1}{4}$ Sætt 10 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1930 $1\frac{3}{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 kr. sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 4 mánuði fyrir brot á bifreiðalögum og áfengislögunum.

Aðfaranótt fimmtudagins 29. júlí síðastliðinn voru þeir lögregluþjónar á ferð í lögreglubifreiðinni eftir Laufásvegi hér í bæ. Er þeir komu að gatnamótum Laufásvegar og Reykjanesbrautar, urðu þeir þess varir, að vöruflutningabifreiðin R. 796 stóð þar á vegamótunum, þannig að hún var til tálmunar fyrir umferðina. Var að visu ekki ómögulegt að beygja af Laufásvegi inn á Reykjanesbraut, en illmögulegt.

Fór þá einn lögregluþjónanna að athuga bifreið þessa nánar, og sat þá bifreiðarstjórinn, sem var kærður í þessu máli, undir stýri bifreiðarinnar. Gerði lögregluþjónninn honum aðvart um, að bifreiðin stæði illa á gatnamótunum, en kærður ætlaði þá að færa hana, en fórst svo óhönduglega að setja vélina í gang, að lögregluþjónninn fór að veita honum nánari athygli, og virtist hann þá vera undir áhrifum áfengis. Hjá kærðum í bifreiðinni sat stúlka. Var henni ekið heim til sín að Blönduhlið hér við bæinn, en kærður færður á lögreglustöðina. Átti þá að taka úr honum blóðsýnishorn, en hann þverneitaði að láta nokkurn annan lækni en Björn Gunnlaugsson gera það. Var hann síðan að undangengnum úrskurði færður á landsspítalann, og honum þar tekið blóð, en þannig stóð á, að sá eini læknir hér, sem gat rannsakað blóðið, var fjarverandi, og reyndist því ómögulegt að rannsaka það.

Við yfirheyrslu morguninn eftir skýrði kærði þannig frá, að kvöldið áður á 12. tímanum hafi hann verið staddur á herbergi á Hótel Ísland hjá kunningja sínum úr Vestmannaeyjum. Var hann þar nokkurn tíma og drakk tvo pilsnera, og gaf kunningi hans honum áfengi út í annan þeirra. Hefir kærður við þessa yfirheyrslu jatað að hafa fundið á sér áhrif áfengis, þó eigi nema lítil, þegar hann fór út frá Hótel Ísland, en þá fór hann strax út í bifreið sína, sem stóð í

Vallarstræti, og ók henni þegar sem leið liggur á þann stað, er lögreglan tók hann, en á þeirri leið hitti hann stúlku þá, er var í bifreiðinni hjá honum. Þó ók maður að nafni Vigfús bifreiðinni nokkuð af leiðinni.

Við nefndan framburð sinn um áfengisáhrifin heldur kærður í siðara réttarhaldi í málinu. Þessi játning kærðs styrkist af framburði hinna þriggja lögregluþjóna, er handtóku hann, og eins lögregluþjóns, er yfirheyrður hefir verið, er sá kærðan á lögreglustöðinni, er hann var fluttur þangað. Hafa þessir lögregluþjónar allir borið, að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis, og hafa þeir ráðið það af ýmsum atriðum, bæði því, að kærður var þrútin í andliti, vinlykt fannst af honum, buxnaklauf hans var opin og buxurnar illa uppgirtar, augu hans einkennileg, mæli hans linara og þvælulegra en vant er o. fl.

Aftur á móti hefir frammannefndur Vigfús og stúlka sú, sem hjá kærðum var í bifreiðinni, borið, að þau hafi ekki séð á kærðum áfengisáhrif, en þar við er þess að gæta, að stúlkan var sjálf undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt framanskráðu er það sannað, að kærður hefir í umrætt skipti ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Hefir hann með því gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr. 4. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 9. september 1931, um notkun bifreiða. Með því að stöðva bifreiðina á þann hátt, er að framan er nefndur, hefir kærður brotið lögreglusamþykkt Reykjavíkur 15. gr. sbr. 96. gr. Þykir refsing kærðs fyrir framangreint brot hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann ber að svipta leyfi æfilangt til að stýra bifreið. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Stefáns Jóhanns Stefánssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hjörtur Guðbrandsson, greiði 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda sins, hrm. Stefáns Jóh.
Stefánssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 80/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Geir G. Zoëga (Lárus Fjeldsted).

Togaranjósir.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt vottorði hafnarstjóra Reykjavíkur, sem lagt hefir verið fram í málinu, voru þeir af togurum þess fiskveiðafélags, er kærði var umboðsmaður fyrir, staddir hér á höfninni frá 6. apríl 1935 til 7. s. m. kl. 14. Samkvæmt skýrslu kærða, sem studd er af öðrum sakargögnum, var tilætlunin að fá leyfi ríkisstjórnarinnar til þess að skipa hér upp afla skipanna og selja hann vegna verkfalls, er þá stóð yfir á heimili skipanna í Englandi. En af því að leyfi þetta fékkst ekki, þá var það ráð tekið að varpa aflanum hér fyrir borð og fiska í skipin af nýju og flytja þann fisk nýjan til Englands, með því að vonir þóttu vera til þess, að verkfallinu yrði þá lokið. Skýrsla kærða um það, að óvarlegt hafi þótt að varpa aflanum um borð í íslenzkri landhelgi vegna grunar, er það kynni að vekja um brot á íslenzkum fiskveiðalögum, ef varðskip kæmi að, meðan á því verki stæði, þykir ekki verða vefengd,